

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 10. júní 2024
UST202405-092/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og nýtt deiliskipulag - Vestur-Meðalholt í Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 10. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og nýju deiliskipulagi fyrir Vestur-Meðalholt í Flóahreppi.

Í erindinu kemur fram að í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúmum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallerý eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að gert verður ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð í landi Vestur Meðalholta í Flóahreppi. Þar verður gert ráð fyrir íbúðarbyggð fyrir 17 lóðir til fastrar búsetu og heimilað verður auk íbúðarhúss, bílskúrs og gestahúss að hafa skemmu/gripahúss á lóðum. Auk þess kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær yfir um 20 ha.

Vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna runnamýravist á láglandi og víðikjarrvist sem hafa mjög hátt verndargildi, snarrótarvist og língresis- og vingulsvist sem hafa hátt verndargildi. Auk þess segir að hafa skal þó í huga að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkotlagningar er 1:25.000, þannig ekki er alveg öruggt að þessar vistir finnist innan marka skipulagssvæðisins, en lagt er til sem mótvægisáðgerð að blautustu blettunum sé ekki raskað.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að setja inn mynd/klippu af vistgerðarkorti NÍ af svæðinu þar sem blautustu blettirnir eru sem á að vernda.

Auk þess telur Umhverfisstofnunar mikilvægt að sveitarfélagið setji sér stefnu og leggi fram áætlanir um vernd og endurheimt vistgerða sem njóta verndar og hafa hátt verndargildi. M.a. segir í greinargerð aðalskipulags að ný íbúðarbyggð verði utan verndarsvæða og svæða sem mikilvæg eru eða verðmæt vegna náttúrufars.

Fuglalíf

Í greinargerð segir að svæðið er hluti af mikilvægu fuglaverndunarsvæði eins og nær allt Suðurlandsundirlendið en ólíklegt er að framkvæmdirnar muni hafa mikil áhrif á búsvæði fugla þar sem uppbygging mun verða í áföngum og fuglar geta þá aðlagast.

Þar sem að tillagan mun hafa áhrif á búsvæði fuglanna bendir Umhverfisstofnunar á mikilvægi þess að fjallað sé um stefnu sveitarfélagsins varðandi vernd og endurheimt á þessu víðfeðma mikilvæga fuglaverndunarsvæði.

Í língresis- og vingulsvist er ríkt fuglalíf þar sem algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*).¹

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að margir mólendisfuglar þurfa ákveðið rými og þegar er gengið er á búsvæði þeirra getur afleiðingin af þessu verið fækkun mólendisfugla.² Umhverfisstofnun bendir að þegar fugla færa sig um set getur það leitt til fækkunar einstaklinga í viðkomandi tegund. Í þessu samhengi ber að nefna að Ísland ber ábyrgð á stofnum ýmissa bersvæðafugla sem geta verið fyrir áhrifum, til dæmis heiðlóa, sandlóa, spói, jaðrakan, stelkur, sendlingur og himbrimi.³

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan hafa óveruleg til neikvæð áhrif á fuglalíf.

Hraun

Í greinargerð fram að innan svæðisins er Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraun í samræmi við ofangreind ákvæði náttúruverndarlaga.⁴

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

¹ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/lingresis-og-vingulsvist>

² <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/breytingar-fuglalifi>

³ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/fuglastofnar>

⁴ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>